



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 53/2019

**Bann við sölu og afhendingu á 38 tegundum áfyllinga
fyrir rafrettur hjá Famfam ehf.**

**I.
Málsmeðferð**

Við markaðseftirlit Neytendastofu í Laugarásvape, Dalbraut 1, 101 Reykjavík í eigu Famfam ehf. þann 24. september 2019 kom í ljós að markaðssettar voru áfyllingar fyrir rafrettur með rofin innsigli. Samkvæmt eiganda verslunarinnar, voru áfyllingarnar keyptar hjá öðrum söluaðila sem nikótínlausar áfyllingar og að nikótíni hefði ekki verið bætt út í vörurnar. Þó væri innsigli e.t.v. rofið þar sem viðskiptavinum væri boðið að finna lykt af vökvanum. Lagt var tímabundið sölubann á 38 tegundir áfyllinga hjá Famfam, sem innsiglaðar voru á sölustað. Þá var þess óskað að Famfam legði fram skriflegar skýringar, athugasemdir eða önnur viðeigandi gögn vegna áfyllinganna innan fjögurra vikna. Af 38 tegundum áfyllinga voru fjölgur sýnishorn valin af handahófi til prófunar á Rannsóknarstofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði. Sýnishornin voru Anarchist – Red (N-1), Zonk – Watermelon strawberry (N-2), Ruthless – Rise (N-3) og Ruthless – Mandingo (N-4).

Neytendastofu barst prófunarskýrsla, dags. 3. október 2019, frá Rannsóknarstofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði. Niðurstöður prófunarskýrslunnar sýndu að öll sýnin innihéldu nikótín.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 8. október 2019, var Famfam tilkynnt að sýnin fjögur sem send voru til prófunar innihéldu nikótín. Þá var Famfam jafnframtilkynnt að Neytendastofu hefðu ekki borist tilkynningar um áfyllingarnar og þeim leiðbeint um hvernig tilkynning á slíkum vörum færi fram. Í bréfinu kom einnig fram að gera þyrti úrbætur á merkingum áfyllinganna, þannig að viðvaranir væru á umbúðum þeirra, leiðbeiningar fylgdu um notkun og geymslu og að upplýsingabæklingur fylgdi með. Famfam var einnig upplýst um að ef næðist að sýna fram á að vörurnar uppfylltu þær kröfur sem gerðar eru til þeirra yrði fallið frá banni Neytendastofu um sölu- og afhendingu á vörunum.

Neytendastofa framlengdi sölubannið með bréfi, dags. 8. nóvember 2019, til 14. nóvember 2019. Einnig var Famfam tilkynnt um skyldu framleiðanda eða fulltrúa hans til að greiða allan



kostnað sem hlýst af skoðun, rannsókn og prófun, svo og annan kostnað, í þeim tilfellum sem vara er ekki í samræmi við settar reglur.

Engar athugasemdir bárust frá Famfam.

II. Niðurstaða

1.

Mál þetta varðar öryggi fjögurra tegunda áfyllinga fyrir rafrettur sem innihalda nikótín sem seldar voru í verslun Famfam ehf. Sýnishorn af áfyllingunum Anarchist – Red (N-1), Zonk – Watermelon strawberry (N-2), Ruthless – Rise (N-3) og Ruthless – Mandingo (N-4) reyndust samkvæmt prófunum Rannsóknarstofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði öll innihalda nikótín. Vörurnar hafa ekki verið tilkynntar til Neytendastofu. Auk þess voru í verslun Famfam markaðssettar 34 tegundir áfyllinga (sjá fylgiskjal) þar sem innsigli hafði verið rofið og því ekki unnt að ráða hvert innihald þeirra væri. Lagt var tímabundið sölubann á vörurnar og þær innsiglaðar.

Um rafrettur og áfyllinga fyrir þær gilda lög nr. 87/2018, um rafrettur og áfyllingar og reglugerð nr. 255/2019, um merkingar á umbúðum rafrettna og áfyllinga og efni upplýsingabæklings sem fylgja skal rafrettum.

Í 1. mgr. 5. gr. laga nr. 87/2018 segir að rafrettur og áfyllingar megi aðeins hafa til sölu eða dreifingar ef skráðar eru viðvaranir um áhrif vörunnar á heilsu á umbúðir hennar og leiðbeiningar fylgi um notkun og geymslu.

Kveðið er á um öryggi rafrettna og áfyllinga fyrir þær í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 87/2018 en þar segir:

„Einungis er heimilt að flytja inn, selja eða framleiða rafrettur og áfyllingar sem teljast öruggar og uppfylla ákvæði laga þessara eða reglugerða settra með stoð í þeim.“

Um tilkynningarskyldu framleiðenda og innflytjenda rafrettna og áfyllinga fyrir þær sem innihalda nikótín er kveðið á um í 1. mgr. 14. gr. laga nr. 87/2018, en þar segir:

„Framleiðendur og innflytjendur rafrettna og áfyllinga fyrir þær sem innihalda nikótín, sem hyggjast setja rafrettur eða áfyllingar á markað hér á landi, skulu senda Neytendastofu tilkynningu um slíkt sex mánuðum áður en markaðssetning er fyrirhuguð. Leggja skal fram nýja tilkynningu fyrir hverja umtalsverða breytingu á vörunni og sker Neytendastofa úr um hvort breyting telst umtalsverð. Óheimilt er að flytja inn eða selja vörum sem hefur ekki verið tilkynnt i samræmi við ákvæði þetta og reglugerðir settar með stoð í því.



Nánar er kveðið á um merkingar í reglugerð nr. 255/2019. Í 3. og 4. gr. hennar er nánar mælt fyrir um viðvörunarmerkingar á umbúðum rafrettna og áfyllinga, sem innihalda nikótín.

Í 3. gr. reglugerðarinnar segir:

„Viðvörunarmerkingar á umbúðum rafrettna og áfyllinga, skv. 5. gr., sem hvoru tveggja innihalda nikótín skal prenta með svörtu Helvetica-feitletri á hvítum grunni.

Merking skal vera í svörtum ramma, sem er 1 mm á breidd, inni á yfirborðsfletinum sem er frátekinn fyrir slikar merkingar.

Viðvörunarmerking skal birtast á tveimur stærstu yfirborðshlutum hvers einingapakka og öllum ytri umbúðum vörunnar og þekja 30% af yfirborði einingapakka og allra ytri umbúða vörunnar.“

Þá segir í 4. gr. reglugerðar nr. 255/2019:

„Texti viðvörunarmerkingar á umbúðir rafrettna og áfyllinga sem hvoru tveggja innihalda nikótín skal vera eftifarandi: „Þessi vara inniheldur nikótín sem er mjög ávanabindandi efni. Ekki er mælt með notkun þess fyrir þá sem reykja ekki.“

Texti viðvörunarmerkingar skal vera samsíða almennum texta á umbúðum.“

Samkvæmt 6. gr. reglugerðarinnar skal með pakkningum rafrettna og umbúðum fylgja bæklingur með upplýsingum á íslensku um eftifarandi:

„1. Leiðbeiningar um notkun og geymslu vörunnar, þ.m.t. ráðlegging um að ekki sé mælt með vörunni til notkunar fyrir börn og þá sem ekki reykja.

2. Frábendingar.

3. Viðvaranir fyrir tiltekna áhættuhópa.

4. Hugsanleg skaðleg áhrif.

5. Ávanabindandi áhrif og eiturhrif.

6. Hvernig sé hægt að hafa samband við framleiðanda eða innflytjanda og upplýsingar um lögaðila eða einstakling sem er tengiliður þeirra innan Evrópska efnahagssvæðisins.“

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu mega framleiðendur einungis markaðssetja örugga vöru. Úrræði Neytendastofu vegna markaðssetningar á vöru sem ekki uppfyllir skilyrði laga nr. 87/2018 fer samkvæmt 2. mgr. 15. gr. laganna að ákvæðum laga nr. 134/1995.

2.

Í ljósi framangreinds er það mat Neytendastofu að áfyllingarnar Anarchist – Red (N-1), Zonk – Watermelon strawberry (N-2), Ruthless – Rise (N-3) og Ruthless – Mandingo (N-4) uppfylli



ekki skilyrði laga nr. 87/2018, þar sem áfyllingarnar innihéldu nikótín en höfðu ekki verið tilkynntar í samræmi við 14. gr. laga nr. 87/2018. Þá báru áfyllingarnar ekki réttar viðvaranir og ekki fylgdi þeim upplýsingabæklingur, sbr. 3., 4. og 6. gr. reglugerðar nr. 255/2019.

Einnig er það mat Neytendastofu að 34 tegundir áfyllinga (sjá fylgiskjal) sem bannaðar voru með ákvörðun um tímabundið sölubann, dags. 24. september 2019, uppfylli ekki skilyrði laga nr. 87/2018. Famfam hefur ekki sýnt fram á að áfyllingarnar séu nikótínlausar en innsigli umbúða áfyllinganna hefur verið rofið og engin gögn hafa verið lögð fram um innihald þeirra. Því telur Neytendastofa að enn leiki vafí á því hvort áfyllingarnar innihaldi nikótín. Þar með hefur Famfam ekki getað sýnt fram á öryggi áfyllinganna, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 87/2018.

Neytendastofa telur rétt með vísan til 1. mgr. 6 gr. laga nr. 87/2018, 1. gr. og 1. mgr. 20. gr., sbr. 21. gr., laga nr. 134/1995 að banna sölu og afhendingu framangreindra tegunda áfyllinga.

Famfam ber að greiða kostnað vegna skoðunar, rannsóknar og prófunar í samræmi við 2. mgr. 24. gr. laga nr. 134/1995 þar sem áfyllingarnar voru ekki í samræmi við settar reglur. Kostnaður vegna prófunar Rannsóknarstofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði er 60.000 kr.

3.

Í þessu máli er um að ræða hættuleg efni og efnasambönd sem gera ríkar kröfur til eyðingar. Verður áfyllingunum aðeins eytt með sérstökum aðferðum. Með vísan til framangreinds er Famfam falið að afhenda Neytendastofu til eyðingar 38 tegundir áfyllinga, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 134/1995 og 4. mgr. 29. gr. reglugerðar ESB 765/2008 sem innleidd er með reglugerð nr. 566/2013 um markaðseftirlit, faggildingu o.fl. Famfam ber að greiða kostnað sem hlýst af eyðingu áfyllinga, sbr. 24. gr. laga nr. 134/1995. Neytendastofa mun að sex vikum liðnum frá birtingu ákvörðunar koma vörunum til eyðingar hjá viðeigandi aðila.

Í 7. tölul. 14. gr. laga nr. 134/1995 segir að hlutverk Neytendastofu sé að gefa út tilkynningar og vara við hættulegum vörum á markaði sem lög þessi taka til ef nauðsyn ber til og annast samskipti við Eftirlitsstofnun EFTA og önnur eftirlitsstjórnvöld á Evrópska efnahagssvæðinu, svo og vera tengiliður við RAPEX-tilkynningakerfi framkvæmdastjórnar ESB um hættulegar vörur á markaði. Neytendastofa mun upplýsa framkvæmdastjórn Evrópusambandsins um þær aðgerðir sem gripið hefur verið til hér á landi í samræmi við reglugerð nr. 566/2013, um markaðseftirlit og faggildingu o.fl. Fara upplýsingaskiptin fram með tilkynningu í tilkynningakerfi um hættulegar vörur (e. Safety Gate).

III. Ákvörðunarorð:

„Famfam ehf., rekstraraðili Laugarásvape, Dalbraut 1, 101 Reykjavík, hefur boðið fram á markaði áfyllingar fyrir rafrettur sem innihalda nikótín sem ekki geta talist öruggar í



skilningi 1. mgr. 6. gr. laga nr. 87/2018, laga um rafrettur og áfyllinga fyrir þær. Famfam ehf. hefur ekki tilkynnt fjórar tegundir nikótínáfyllinga og því brotið gegn 1. mgr. 14. gr. laga nr. 87/2018, um rafrettur og áfyllingar fyrir þær.

Famfam ehf. hefur brotið gegn 1. mgr. 5. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr., laga nr. 87/2018 laga nr. 87/2018, um rafrettur og áfyllingar fyrir þær, sbr. 3. og 4. og 6. gr. reglugerðar nr. 255/2019, um merkingar á umbúðum rafrettna og áfyllinga og efni upplýsingabæklings sem fylgja skal rafrettum og áfyllingum, með ófullnægjandi leiðbeiningum og viðvörunum á umbúðum áfyllinganna auk þess engin upplýsingabæklingur fylgdi vörunum.

Famfam ehf. hefur brotið gegn 1. mgr. 6. gr. laga nr. 87/2018, um rafrettur og áfyllingar fyrir þær, með því að geta ekki sýnt fram á öryggi 34 tegunda áfyllinga sem innsigli hafði verið rofið á.

Með vísan til 1. mgr. 20. gr., sbr. 21. gr., laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, er verslunum í eigu Famfam ehf. bannað að selja og afhenda 38 tegundir af áfyllingum fyrir rafrettur (sjá fylgiskjal).

Með vísan til 1. mgr. 22. gr. laga nr. 134/1995 um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, sbr. 4. mgr. 29. gr. skal Famfam ehf. afhenda Neytendastofu ofangreindar áfyllingar fyrir rafrettur í vörsu Famfam ehf. til eyðingar.

Með vísan til 2. mgr. 24. gr. laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu skal Famfam ehf. greiða kostnað vegna prófunar að upphæð 60.000 kr. svo og kostnað vegna eyðingar á þeim áfyllingum sem ákvörðun þessi tekur til.“

Neytendastofa, 10. desember 2019

Tryggvi Axelsson
Forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir

Fylgiskjal – 38 tegundir af áfyllingum fyrir rafrettur

- | | |
|-------------------|------------------------------------|
| 1. Cloud Nurdz | Grape Strawberry |
| 2. Humble | Crumble |
| 3. Tailored house | Snacker doodle |
| 4. Ripe | Kiwi Dragon Berry |
| 5. Tailored house | Strawberry Crunch |
| 6. Tropical 100 | Fruit Punch |
| 7. Cloud Nurdz | Grape Apple |
| 8. Tailored house | Honey Crunch |
| 9. Anarchist | Rauður |
| 10. Savage | Pink Candy |
| 11. Zonk | Watermelon Strawberry |
| 12. Anarchist | Fjólublár |
| 13. Cloud Nurdz | Watermelon Apple |
| 14. Humble | Berry Blow Dow |
| 15. Lung Hit | Slush Slammer |
| 16. Zonk | Mixed Berry |
| 17. Candy King | Pink Squares |
| 18. Candy King | Berry Dweebz |
| 19. Cloud Nurdz | Peach Blue Razz |
| 20. Skwezed | Green Apple |
| 21. Zonk | Orange Mango |
| 22. Candy Pop | Sweet mint gum |
| 23. Tailored | Strawberry Lemonade |
| 24. Cherry Cola | Lime |
| 25. Cherry Cola | Grape |
| 26. Candy King | Sour Worms |
| 27. Anarchist | Blár |
| 28. Colored | Fruity |
| 29. Stay Salty | Blue Raspberry |
| 30. Fruit Twist | Tropical Pucker Punch |
| 31. Fruizee | Blackcurrant Mango |
| 32. Fruizee | Lemon Blackcurrant |
| 33. Hometown Hero | Witch Doctor Premium Sweet Tobacco |
| 34. Lemon Twist | Pink Punch Lemonade |
| 35. Stay Salty | Straw Lemon Lemonade Twist |
| 36. Lemon Twist | Iced Pink Punch |
| 37. Ruthless | Mandingo |
| 38. Ruthless | Rise |